

Reikningur**151**

*styrktarsjóðs Christians konungs hins níunda í minningu
1000 ára hátíðar Íslands um árið frá 1. septbr. 1877 til 31.
ágúst 1878.*

Tekjur.

1. Eptirstöðvar frá fyrra ári (Stjórnartíðindi 1877 B. 138):	Kr.	A.
a, innritunarskírteini litr. C. fol. 3609 að upphæð	8400 kr.	» a.
b, í sparissjóði og í peningum	153 — 21 —	8553 21
2. Vextir til 11. júní 1878		340 84
		8894 05

Gjöld.

1. Heiðursgjafir veittar:	Kr.	A.
a, Þórði Þorsteinssyni á Leirá	160 kr.	
b, Þorvaldi Bjarnarsyni í Núpakoti	160 —	320 »
2. Eptirstöðvar við lok reikningsársins:		
a, innritunarskírteini litr. C. fol. 3609	8400 kr.	» a.
b, í sparissjóði og í peningum	174 — 5 —	8574 05
		8894 05

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 2. septbr. 1878.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um skipti á kirkjujörð. **152**
— Eptir að ráðgjafinn hafði meðtekið þóknanlegt brjef yðar herra landshöfðingi frá 1. f. ^{24. septbr}
mán. og allraþegnsamlegast lagt það málefni undir konung, hefir það hinn 18. þ. mán.
allramildilegast verið leyft, að jörðin Fossar í Skutulsfirði, sem liggur undir Eyrarkirkju
í Ísafjarðarsýslu og vesturumdæmi Íslands megi afhendast óðalsbónda, hreppstjóra Jóni
Halldórssyni gegn því, að hann selji aptur nefndu prestakalli 7,36 hndr. úr eignarjörð
sinni Tungu í sömu sókn.

Þetta læt jeg ekki undanfalla þjónustusamlega að tjá yður herra landshöfðingi
til þóknanlegrar leiðbeiningar, birtingar og ráðstöfunar.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um nýja barnalær- **153**
dómsbók. — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 23. júlí þessa árs hafði þjer
herra landshöfðingi eptir undirlagi biskupsins yfir Íslandi lagt það til, að kristi-
leg barnalærdómsbók sú, eptir prestaskólakennara H. Hálfðánarson, sem hjer með
endursendist, megi verða löggilt til undirbúnings undir fermingu handa unglingum á
Íslandi jafnhliða Balslevis og Balles lærdómsbókum.

Fyrir því vil jeg þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frek-
ari birtingar, að ráðgjafinn hefir að sínu leyti ekkert á móti því, að nefnd lærdómsbók
með lagfæringum þeim og viðaukum, sem í henni eru gjörðar, verði notuð á Íslandi við
undirbúning barna undir fermingu.